

undirdómarann sæta ábyrgð fyrir dráttinn. Að öðru leyti hefir rekstur málsins í héraði verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Arnór prestur Árnason á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Allur kostnaður málsins, bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun hins skipaða svaramanns í héraði, Eggerts bónda Jónssonar á Kleifum, 10 kr., og málsfærslulaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafé.

Nr. 12/1901:

Réttvísinn

gegn

Helgu Jóhannsdóttur, Guðmundi

Þórðarsyni og Guðmundi

Einarssyni.

D ó m u r.

Mál þetta hefir verið höfðað gegn hinum á kærðu Helgu Jóhannsdóttur fyrir ranga faðernislýsingu og Guðmundi trésmið Þórðarsyni og Guðmundi Einarssyni steinsmið fyrir hlutdeild í eða upptök að téðu broti Helgu Jóhannsdóttur, og var

málið dæmt í aukarétti Reykjavíkurkaupstaðar 5. febrúar þ. á. með þeim úrslitum, að Helga Jóhannsdóttir var samkvæmt 180. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869 dæmd til 8 daga einfalds fangelsis, Guðmundur Einarsson samkvæmt sömu lagagrein, sbr. við 52. gr. og 49. gr. hegningarlaganna, dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 15 daga einfalt fangelsi, og Guðmundur Þórðarson sýknaður af ákærum sókarans í málinu. Um málskostnað var svo ákveðið í dóminum, að Helga Jónsdóttir skyldi greiða kostnað allan af varðhaldi sínu og málsvarnarlaun, 8 kr., til hins skipaða talsmanns síns fyrir aukaréttinum, en allan annan kostnað málsins skyldu þau Helga og Guðmundur Einarsson greiða bæði fyrir aunað og annað fyrir bæði, þó svo, að ákærði Guðmundur Þórðarson greiddi $\frac{1}{3}$ in solidum með þeim.

Dómi þessum hefir verið skotið til landsyfirdómsins að því er ákærðu Helgu Jóhannsdóttur snertir, eftir ósk hennar, og að því er snertir hina ákærðu Guðmund Þórðarson og Guðmund Einarsson, af hálfu réttvísinnar.

Það er með eigin játningu hinnar ákærðu Helgu Jóhannsdóttur sannað, að þegar hún 11. okt. f. á. lét skíra óskilgetið barn sitt, er hún átti 5. sept. f. á., lýsti hún við prestinn, sem skírði, föður að barninu Árna Grímsson, er farið hafði til Vesturheims á síðastliðnu vori, en maður þessi var ekki til og nafnið tilbúið út í bláinu, og hefir hin ákærða kannast við það síðar, að hinn rétti

faðir barnins væri hinn meðákærði Guðmundur Þórðarson, enda lét hún það og uppi við aðra, áður en barnið var skírt, að hann væri faðir þess og enginn annar. Ákærða kveðst hafa látið tilleiðast fyrir fortölur hinna meðákærðu Guðmundar Þórðarsonar og Guðmundar Einarssonar, og hótanir þeirra, að lýsa rangan föður að barninu, því að á eina hliðina hafi þeir haldið því að henni, að Guðmundur Þórðarson myndi sverja fyrir barnið, að hann ætti það, og hún þannig standa ein og hjálparlaus uppi með það, og á hinn bóginn hafi Guðmundur Þórðarson lofað henni að gefa með barninu, ef hún lýsti annan föður, og að hjálpa henni að auki, ef henni lægi á, enda jafnvel gefið henni von um, að hann myndi síðar kannast við faðernið, ef hann þyrfti ekki að kannast við það þá þegar.

Hinn ákærði Guðmundur Þórðarson hefir ját- að, að hann hafi boðið meðákærðu Helgu Jóhannsdóttur fé til að lýsa annan en sig föður að umræddu barni, og lét hann hana fá 20 kr. í þessu skyni í ágústmánuði f. á., áður en barnið fæddist, og 60 kr. kvöldið sama dag sem barnið var skírt, þegar Helga sagði honum frá, að hún væri búin að lýsa fyrnefndan Árna Grímsson föður að því. Ákærði hefir stöðugt neitað því, að hann sé eða geti verið faðir að barninu og kveðst að eins hafa gjört það til að losast við bæjarþvaður af áburði Helgu, að kaupa hana til að nefna annan föður að barninu en sig, enda hafi hún og sagst geta lýst annan föður, og hann því álitid að hún gæti gjört

það með góðri samvizku. Það er nú eigi að eins, að þessi framburður ákærða, um að hann geti eigi verið faðir að barni Helgu, er mjög ósenni-
legur í sjálfu sér, þegar litið er til allrar fram-
komu hans gagnvart Helgu og afskipta hans af
feðrun á barni hennar, og sérstaklega til þess,
hvílíku kappi hann beitti með fortölum og fjár-
lofordum til að fá hana til að nefna annan föður
— og skal það í þessu sambandi tekið fram, að
allar líkur eru til þess, að framburður Helgu, um
að ákærði hafi lofað henni töluvert meiru fé en
hann borgaði henni, sé sannari en framburður á-
kærða í því efni — en það virðist auk þess nægi-
lega sannað með bréfum, sem fóru milli ákærða
og Helgu fyrir milligöngu meðákærða Guðmundar
Einarssonar og sem ákærði las og samþykkti, að
framburður ákærða sé rangur, og að hann hafi
viljað fá Helgu til að nefna rangan föður að barn-
inu. Í bréfum þessum fer því svo fjarri, að
minst sé nokkurstaðar einu orði á það, að Helga
kenni ákærða Guðmundi Þórðarsyni ranglega barn-
ið eða að hann eigi það ekki, að þar er þvert á
móti að eins og afdráttarlaust beitt öllum fortölum
til að fá hana til að kenna barnið annaðhvort til-
greindum manni, sem ákærði hafði áður stungið
upp á við hana að kenna barnið, en hún neitadi
að hafa haft nokkur mök við, en maður þessi var
þá farinn til Vesturheims, eða að kenna það »ein-
hverjum öðrum, sem ekki væri mjög ólíklegt með
og sem hún ekki þyrfti að óttast síðar«. Er það

þannig bersýnilegt af bréfum þessum að ákærði byggði alls eigi á því og gjörði eigi ráð fyrir því, að Helga gæti með góðri samvizku eða réttilega kent öðrum barnið en honum, enda eru og í bréfunum höfð orðatiltæki, eins og t. d. að það sé hættulaust fyrir hana að nefna annan, sem að eins verða skiljanleg, þegar um ranga faðernislýsingu er að ræða. Það verður því að álíta, að ákærði Guðmundur Þórðarson hafi gjört sig sekan í hlutdeild í broti ákærðu Helgu og átt upptökin að því með loforðum sínum og fortölum.

Hinn ákærði Guðmundur Einarsson var milli-göngumaður milli hinnar ákærðu Helgu Jóhannsdóttur og Guðmundar Þórðarsonar að því faðernislýsinguna snerti, og gjörði hann sér, eftir að Guðmundur Þórðarson hafði fengið ádrátt Helgu um að nefna annan föður, bæði munulega og bréfléga, með því að semja og senda fyrirgreint bréf til Helgu, far um að telja hana á að halda þetta loforð við Guðmund Þórðarson, jafnvel þótt telja megi víst bæði samkvæmt játningu hans í málinu og samkv. innihaldi téðra bréfa, að hann hafi verið sér þess meðvitandi, að hún gjörði sig með því seka í rangri faðernislýsingu, þar sem hann ætlaði, að Guðmundur Þórðarson væri hinn rétti faðir barnsins.

Prestur sá, sem skýrði barn það, sem ræðir um í málinu, var frikirkjuprestur utanþjóðkirkjusatnaðarins í Reykjavík, sem fengið hefir konunglega staðfestingu samkv. lögum 19. febr. 1886, og má að vísu ganga út frá því, að ákærða Helga

hafi álitid það hafa sömu þýðingu, er hún nefndi fyrir honum föður að barni sínu, sem hún hefði gjört það fyrir sóknarprestinum, en þar sem það á hinn bóginn er fyrirskipað með nefndum lögum, 10. gr. þeirra, að foreldrar, sem ekki eru í þjóðkirkjunni, skuli innan ákveðins frests skýra sóknarpresti frá fæðingu og nöfnum barna sinna, til þess að hvorttveggja verði ritað í gjörðabók prestakallsins, og að vóttorð um nafngjafir þessar komi í stað skirnarvottorðs, þá virðist mega skoða skýrslu þá, sem gefin var frikirkjuprestinum af hinni ákærðu um nafn barnsins, að eins sem tilraun til brots þess, er 180. gr. hegningarlaganna ræðir um.

Hið ákærðu eru öll komin yfir lögaldur sakamanna og hafa eigi áður sætt refsingu fyrir neitt lagabrot. Brot ákærðu Helgu Jóhannsdóttur ber að heimfæra undir 180. gr. hegningarlaganna, sbr. 46. gr. þeirra, og þykir refsing hennar hæfilega ákveðin 50 króna sekt, er renni í landssjóð, en ef sektin er eigi greidd í tæka tíð, komi í stað hennar 12 daga einfalt fangelsi. Brot ákærða Guðmundar Þórðarsonar ákveðst samkvæmt sömu lagagrein, sbr. 53. gr. 2. málslíð, 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 12 daga einfalt fangelsi. Brot ákærða Guðmundar Einarssonar ákveðst samkvæmt 180. gr., sbr. og 52. gr. hegningarlaganna, 30 króna sekt til landssjóðs, eða til vara 8 daga einfalt fangelsi. Hin ákærða Helga Jóhannsdóttir greiði allan af varðhaldi sínu leiðandi kostnað og málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns í hér-

aði, en allan annan kostnað málsins í héraði og allan áfrýjunarkostnað málsins ber hinum ákærðu að greiða in solidum, þar með talin málfutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Hin ákærðu Helga Jóhannsdóttir, Guðmundur Þórðarson og Guðmundur Einarsson greiði í sekt til landssjóðs, hin tvö fyrstnefndu 50 kr. hvort og Guðmundur Einarsson 30 kr., og sæti ákærðu, ef þau eigi greiða sekt þá að fullu, er þeim hverju um sig er gjörð, í tæka tíð, Helga og Guðmundur Þórðarson 12 daga einföldu fangelsi hvort, en Guðmundur Einarsson 8 daga einföldu fangelsi. Ákærða Helga Jóhannsdóttir greiði varðhaldskostnað sinn og 8 kr. í málsfærslulaun til talsmanns síns í héraði, cand. jur. Guðmundar Sveinbjörnssonar. Allan annan kostnað málsins í héraði og allan áfrýjunarkostnað málsins greiði hin ákærðu in solidum, þar með talin málsfærslulaun hins skipaða sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra. Ídæmdar sektir ber að greiða innan 8 vikna

frá lögbirtingu dóms þessa og honum að
öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 35/1900: Sveinbjörn Guðmundsson
gegn
Stjórnarnefnd kvennaskólans
á Ytríey.

D ó m u r:

Mál þetta er í héraði höfðað fyrir gestarétti Húnavatnssýslu af stjórnarnefnd kvennaskólans á Ytríey, eiganda jarðarinnar Ytríeyjar, gegn Sveinbirni Guðmundssyni ábúanda á jörðinni Kambakoti, til skaðabóta fyrir þá sök, að hann sumarið 1899 hafi slegið og hirt engjastykki, sem liggja undir Ytríey, og var það útkljáð með gestaréttardómi nefndrar sýslu, gengnum 17. apríl 1900, þannig, að Sveinbjörn Guðmundsson í Kambakoti skyldi greiða stjórnarnefnd kvennaskólans á Ytríey eða af hennar hendi Sigurði bónda Sigurðssyni, er málið flutti fyrir skólann, 50 kr. í skaðabætur og 40 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir Sveinbjörn Guðmundsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu 16. okt. f. á. og þar krafist aðallega, að málinu verði vísað frá meðferð gestaréttarins og héraðsdómurinn þannig úr gildi fellur, eða, að málinu verði vísað heim til löglegri meðferðar frá því stigi, er vitnaleiðsla um landamerki hófst, en til vara, að áfrýjandi verði sýknaður af kærnum og kröfum stjórnarnefnd-